

## Svar

### forsætisráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um pólitískt ráðna aðstoðarmenn innan Stjórnarráðsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvernig hefur lagaumgjörð um fjölda pólitískt ráðinna aðstoðarmanna innan Stjórnarráðsins þróast frá árinu 2003 og hvernig hafa ráðherrar nýtt svigrúmið frá sama tíma?*

Frá árinu 2003 og fram að gildistöku núgildandi laga um Stjórnarráð Íslands voru í gildi eldri lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Samkvæmt lögunum var ráðherra heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegndi embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfaði þar sem skrifstofustjóri.

Núgildandi lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, tóku gildi 28. september 2011. Við gildistöku laganna voru heimildir ráðherra til að ráða aðstoðarmenn rýmkaðar, m.a. til að tryggja edlilega og faglega aðgreiningu á milli hins tvíþætta hlutverks ráðherra sem stjórnvaldshafa annars vegar og pólitísku stefnumótunaraðila hins vegar. Þá voru jafnframt settar skýrari reglur um hlutverk og stöðu aðstoðarmanna ráðherra í stjórnkerfinu. Skv. 1. mgr. 22. gr. laganna er ráðherrum nú heimilt að ráða sér að hámarki tvo aðstoðarmenn en að auki getur ríkisstjórnin ákveðið að ráða þrjá til viðbótar ef þörf krefur. Forsætisráðherra gefur út leiðbeinandi erindisbréf fyrir aðstoðarmenn ráðherra í Stjórnarráði Íslands, sbr. 2. mgr. 18. gr. sömu laga.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig ráðherrar og ríkisstjórn hafa nýtt heimild í lögum til að ráða aðstoðarmenn á tímabilinu:<sup>1</sup>

Ráðuneyti	Kjörtímabil	Fjöldi aðstoðarmanna	Fjöldi ráðherra	Hlutfall aðstoðarmanna á hvern ráðherra
Annað ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur	2021-	26	12	2,17
Fyrsta ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur	2017-2021	20	11	1,82
Ráðuneyti Bjarna Benediktssonar	2017	20	11	1,82
Ráðuneyti Sigurðar Inga Jóhannssonar	2016-2017	11	7	1,57
Ráðuneyti Sigmundar D. Gunnlaugssonar	2013 - 2016	17	9	1,89
Annað ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur	2009-2013	20	15	1,33
Fyrsta ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur	2009	10	10	1,00
Annað ráðuneyti Geirs Haarde	2007-2009	12	12	1,00
Fyrsta ráðuneyti Geirs Haarde	2006-2007	14	12	1,17
Ráðuneyti Halldórs Ásgrímssonar	2004-2006	12	14	0,86
Fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar	2003-2004	12	13	0,92

<sup>1</sup> Upplýsingar voru að hluta til fengnar úr grein Gests Páls Reynissonar og Ómars H. Kristmundssonar, Hverjir verða aðstoðarmenn ráðherra?, sem birtist í tímaritinu *Stjórnsmál og stjórnsýsla* árið 2014.